

## Ný stjórn kjörin á aðalfundi SSSK

Á aðalfundi SSSK sem haldinn var miðvikudaginn 29. apríl síðast liðinn voru eftirtaldir aðilar skipaðir í stjórn samtakanna: Margrét Pála Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar, formaður, Sigríður Anna Guðjónsdóttir skólastjóri Ísaksskóla, varaformaður, Guðrún Björnsdóttir framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta, Lovísa Hallgrímsdóttir leikskólastjóri Regnbogans og Margrét Theódórsdóttir skólastjóri Tjarnarskóla. Varastjórn skipa: Pétur R. Guðmundsson framkvæmdastjóri Skóla ehf., Ída Jensdóttir skólastjóri Sjálands og Snorri Traustason skólastjóri Waldorfskólanna Sólstafa og Hafnar.

Mynd af aðalstjórn talið frá vinstri. Margrét, Guðrún, Margrét Pála, Lovísa og Sigríður Anna.



## Þjónustusamningar við sjálfstæða leikskóla

Þann 14. maí sl. var haldinn fundur með Leikskólasviði Reykjavíkurborgar þar sem farið var yfir stöðu mála varðandi uppsögn samninga við rekstraraðila leikskóla sem mun í nokkrum tilvikum taka gildi 1. ágúst nk. Þar sem nýr þjónustusamningur var ekki tilbúinn var þess óskað á fundinum að samningar yrðu framlengdir til áramóta til að koma í veg fyrir að leikskólar væru samningslausir.

Gert var ráð fyrir að nýr samningur yrði tilbúinn fljótlega en komið hefur í ljós að vinna við drög að nýjum samningi hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir í upphafi. SSSK hefur borist bréf frá leikskólasviði Reykjavíkurborgar þar sem þeim einkareknu leikskólum sem fengið hafa uppsögn á núgildandi samningum er boðið að undirrita samkomulag um að núgildandi samningar um rekstrarframlag haldi gildi sínu til 31. desember 2009. Þeir leikskólar sem fengið hafa uppsögn á samningi fá sent á næstu dögum erindi frá leikskólasviði þar sem þeim er kynnt þessi ákvörðun og sagt til um næstu skref. Samtökunum verða send til umsagnar ný drög að samningi um rekstrarframlag um leið og Reykjavíkurborg hefur lokið skoðun sinni.

## Faghlutfall

Í síðasta fréttapósti var fjallað um hinar nýju reglur í leikskólum um að nú beri að auglýsa lausar stöður tvisvar sinnum ef faghlutfall skólans er minna en 70%. Í grunnskólum hefur einnig þurft að auglýsa lausar stöður (einu sinni) og sækja síðan um undanþágu til Menntamálaráðuneytisins fyrir þá sem ekki hafa kennararéttindi.

Samtökin hafa ýtt á eftir túlkun á því hverjir teljast „fagfólk“ innan leikskólans (það er ljóst með lögverndun að þeir einir teljast leikskólakennarar sem eru með slík réttindi) en löng hefð er fyrir því að telja til fagfólks fólk með menntun sem nýtist í starfi. Þar má nefna starfsfólk með B.A. gráðu í uppeldis- og/eða sálarfræði eða hliðstæða húmaníska menntun svo og listafólk með a.m.k. þriggja ára háskólanám með lokapróf að baki. Nú, þegar framlag til sjálfstæðra leikskóla ræðst af faghlutfalli í flestum sveitarfélögum, er mjög mikilvægt að rekstraraðilar haldi vöku sinni til að faghlutfall falli niður.

Samtök verslunar og þjónustu hafa sent öllum sveitarfélögum bréf varðandi þetta mál og eins höfum við átt fund með fulltrúa Hagstofnunnar vegna skráningar starfsfólks með aðra menntun en leikskólakennaramenntunina.

Ný heimasíða SSSK var opnuð á aðalfundinum – [www.svth.is](http://www.svth.is)